

**Fundargerð fundar samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
Félags stjórnenda leikskóla**

14. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla var haldinn miðvikudaginn 9. maí 2018 og hófst hann kl. 10:00. Fundinn sátu af hálfu FSL, Sigurður Sigurjónsson og Elísabet Helga Pálmadóttir. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem jafnframt ritaði fundargerð. Fundurinn er sameiginlegur fundur samstarfsnefnda FL og FSL.

Þá var gengið til dagskrár:

**1. Lagðar fram til samþykktar tillögur starfshóps um breytingar á samþykktum og starfsreglum Vísindasjóðs Félags stjórnenda leikskóla og Félags leikskólakennara - 1805009SA**

Starfshópur sem skipaður var vegna endurskoðunar á reglum Vísindasjóðs FSL og FL hefur nú vísað tillögum sínum að breyttum samþykktum og starfsreglum til samþykktar hjá samstarfsnefndum Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags stjórnenda leikskóla og Félags leikskólakennara.

**Niðurstaða:**

Samstarfsnefnd samþykkir einróma tillögur að breyttum samþykktum og starfsreglum Vísindasjóðs FSL og FL. Breyttar samþykktir og starfsreglur taka gildi frá og með 1. júní 2018.

Starfhópnum eru þökkuð vel unnin störf.

**2. Önnur mál**

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:10.